

Hafnarfjörður
Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustunnar
Umbótaáætlun 2017
Starfsaðstæður grunnskólakennara

Umbótaáætlun

Hafnarfjarðarbæjar

Áætlun unnin í tengslum við bókun 1 í kjarasamningu FG og SÍ í desember 2016
og tillögur starfshóps frá 1. júní 2017

Október 2017
Hafnarfjörður

Kynning á aðdraganda umbótaáætlunar

Í desember 2016 gerðu KÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga kjarasamning um kjör grunnskólakennara. Hluti þess samnings var að fram skyldi fara könnun á starfsaðstæðum kennara sem skilgreind var í bókun með kjarasamningnum.

Í Hafnarfirði fór tvenns konar vinna í gang. Hver skóli vann eigin umbótaáætlun sem hann skilaði þann 1. júní 2017. Á vorönn 2017 var starfandi starfshópur á vegum bæjarins með fulltrúum kennara í öllum grunnskólunum. Sá hópur skilaði af sér skýrslu með tillögum þann 1. júní 2017 og lagði einnig fram sérstaka álagskönnun sem lögð var fyrir grunnskólakennara í Hafnarfirði í apríl 2017 sem 2/3 kennarahópsins svaraði. Starfshópurinn skilaði inn 17 tillögum undir níu flokkum og er vísað í skýrsluna sjálfa varðandi þær tillögur. Umbótaáætlun hér tekur þó mið af sömu uppsetningu og í skýrslu starfshópsins.

Tillögur starfshópsins voru kynntar fyrir fræðsluráði Hafnarfjarðar þann 14. júní 2017 og skráð eftirfarandi í fundargerð ráðsins:

1. 1706059 - Starfshópur um starfsaðstæður grunnskólakennara

Lögð fram skýrsla starfshóps ásamt fylgigögnum

Fræðslustjóra falið að kostnaðarmeta og greina tillögurnar sem þarna koma fram. Og í kjölfarið gera tillögu að aðgerðaráætlun og forgangsröðun verkefna og breytinga sem lagðar eru til í skýrslunni fyrir næsta fund fræðsluráðs.

Eftirfarandi áætlun er tillaga til fræðsluráðs Hafnarfjarðar um það hvernig tillögum skýrslunnar verði komið í æskilega framkvæmd með heppilegu verklagi.

Umbótaáætlun

Miðað er við það að umbótaverkefni snúist um það sem hægt er að gera innan hvers skóla í samstarfi kennara og skólastjórnenda.

ÞEMA 1: AÐBÚNAÐUR, KENNSLUGÖGN OG VIÐHALD HÚSNÆÐIS

Umbótaverkefni	Markmið	Núverandi staða, þ.e. af hverju er þörf á umbótum?	Upphaf verks	Verklök	Ábyrgð á framkvæmd
<p>1.1 Starfsaðbúnaður og -aðstaða verði til fyrirmyndar</p> <p>Gerð verði (verkefna-/fjárhags)-áætlun til nokkurra ára (út frá nokkrum viðmiðum) um viðhald og búnað til kennslu í grunnskólunum sem tryggi að starfsaðstæður verði til fyrirmyndar til árangursríkrar kennslu til bætts skólastarfs.</p> <p>Sérstakur starfshópur verði settur á laggirnar um málið með fulltrúum frá ólíkum hagsmunaaðilum.</p>	<p>Að aðstaða í skólum (skólalóð, almennum kennslustofum, sérgreinastofum, íþróttahúsum, sundlaugum) verði eins og best verður á kosið svo bæði öryggismál (t.d. varðandi leka, slyshættu, fúa/raka) og námsaðstaða (kennsluborð, stólar, tæki) hamli ekki kennsluháttum og þroska-möguleikum nemenda.</p>	<p>Viðhald hefur verið of lítið og aðstaða bæði úrelt og ófullnægjandi á marga vegu</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.4. 2018</p>	<p>Sviðsstjóri skipulags- og umhverfisþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu.</p>
<p>1.2 Hádegisverður verði frír fyrir kennara</p> <p>Einföld tillaga um að kennarar fái hádegisverð frían í skólastarfi.</p>	<p>Að tryggja að kennarar fái máltíð á hverjum degi þar sem starfs-umhverfið býður upp á stöðuga truflun og hættu á að nærast ekki nægilega í hádeginu.</p>	<p>Máltíðir í skólum eru ekki nægilega vel nýttar svo kennarar fá ekki fullnægjandi möguleika til að nærast í skólunum yfir daginn.</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.12. 2017</p>	<p>Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu.</p> <p>Fræðsluráð og bæjarstjórn.</p>

ÞEMA 2: STÖÐÞJÓNUSTA

Umbótaverkefni	Markmið	Núverandi staða, þ.e. af hverju er þörf á umbótum?	Upphaf verks	Verklok	Ábyrgð á framkvæmd
<p>2.1 Meira fjármagn komi vegna nemenda með sérþarfir</p> <p>Settur verði á laggirnar starfshópur sem útbúi líkan/framkvæmd á úthlutun fjármagns til nemenda með sérþarfir/skóla sem tryggir fullnægjandi þjónustu við alla nemendur óháð rekstrarfyrirkomulagi (alm. skóli, sérdeild, sérskóli) og sérþörfum.</p>	<p>Að þjónusta við nemendur með sérþarfir verði fullnægjandi svo allir nemendur í skólum geti náð námsárangri í samræmi við eigin getu í skóla án aðgreiningar.</p>	<p>Talsverð umræða er í skólum um að of margir nemendur með sérþarfir fái ekki fullnægjandi þjónustu og það truflar nám og kennslu annarra nemenda á margvíslegan hátt, t.d. að of mikil orka bekkjarkennara fari í að sinna afmörkuðum vanda í stað þess að kenna öllum, of lítil sértæk kennsla /aðstaða/þjónusta sé í boði fyrir nemendur með sérþarfir o.fl.</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.3. 2018</p>	<p>Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu / þróunarfulltrúi greiningar og ráðgjafar</p>

ÞEMA 3: NEMENDAMÁL

Umbótaverkefni	Markmið	Núverandi staða, þ.e. af hverju er þörf á umbótum?	Upphaf verks	Verklok	Ábyrgð á framkvæmd
<p>3.1 Hver skóli viðhafi sértækt hegðunarúrræði á grunni SMT-skólafærni</p> <p>Sérstakt hegðunarúrræði innan skóla miðar að því að mæta þörfum nemenda með hegðunarvanda sérstaklega með kennslufræðilegri sérstöðu svo almenn kennsla verði sem minnst trufluð og án þess að gera slíkt að sérdeildarúrræði.</p>	<p>Að tryggja betur að nemendum með hegðunarvanda sé mætt í skólastarfi svo þeir fái kennslu við hæfi og trufla ekki kennslu annarra nemenda sem er viðkvæðið frá skólafólki að sé of mikið í gangi í grunnskólum.</p>	<p>Börn með hegðunarvanda hafa mikil áhrif á skólastarfið og þá ekki síður aðra nemendur en sjálfa sig. Það þurfi að ná betri stjórn á því hvernig hegðun sé viðurkennd í bekkjum svo kennarar hafi skýrar heimildir til að bregðast við og tryggja að námsumhverfið í heild sinni tryggi sem árangursríkasta kennslu.</p>	1.11. 2017	1.3. 2018	<p>Sviðsstjóri fræðslu- og frístundabjónustu</p> <p>Fræðsluráð - bæjarstjórn</p>
<p>3.2 Skýrar reglur séu um stafræna tækjanotkun í skólum</p> <p>Til séu skýrar reglur (með viðurlögum ef svo ber við) sem gefi öllum (nemendum, foreldrum, starfsfólki skóla) skýr skilaboð um eðlilega starfshætti í skólastarfi. Settur verði á laggirnar starfshópur um málið með viðeigandi hagsmunaaðilum.</p>	<p>Að tryggja að tækjanotkun nemenda á stafrænum tímum hvorki trufla skólastarfið eða hamli kennslu-háttum heldur komi skólastarfinu til góða.</p>	<p>Umræða í skólakerfinu sjálfu um að nemendur fái ekki nægilega skýr skilaboð um notkun stafrænnar tækni. Það valdi því að truflun verði á daglegum starfsháttum í skólum og þar með námi nemenda og því að þeir nái fullnægjandi árangri í námi.</p>	1.11. 2017	1.5.2018	<p>Þróunarfulltrúi grunnskóla</p>

ÞEMA 4: FORELDRABÁTTUR

Umbótaverkefni	Markmið	Núverandi staða, þ.e. af hverju er þörf á umbótum?	Upphaf verks	Verklok	Ábyrgð á framkvæmd
<p>4.1 Stefna um samskipti heimilis og skóla</p> <p>Til séu skýrar reglur um góð og heppileg samskipti milli skóla og heimila sem gefi öllum (nemendum, foreldrum, starfsfólki skóla) skýr skilaboð um eðlileg samskipti í skólastarfi. Settur verði á laggirnar starfshópur um málið með viðeigandi hagsmunaaðilum.</p>	<p>Að tryggja sem þægilegust og árekstraminnst samskipti milli heimilis og skóla í þágu náms nemenda og minnki álag.</p>	<p>Kennarar setja fram þau sjónarmið um að gerðar séu óeðlilegar kröfur til kennara</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.5. 2018</p>	<p>Þróunarfulltrúi grunnskóla</p>

ÞEMA 5: VINNUMAT KENNARA

Umbótaverkefni	Markmið	Núverandi staða, þ.e. af hverju er þörf á umbótum?	Upphaf verks	Verklok	Ábyrgð á framkvæmd
<p>5.1 Skráningar í Vinnustund séu endurskilgreindar</p> <p>Endurskilgreina þarf hvernig kerfið Vinnustund er nýtt svo það þjóni öðru hlutverki fyrir kennara en að skapa þeim ný verkefni til álags.</p>	<p>Að ná sátt við kennara um notkun Vinnustundar (sem skráningarkerfi um viðveru, veikindi og leyfi) svo það þjóni jákvæðu hlutverki.</p>	<p>Óánægja er hjá kennurum með skráningar í Vinnustund, þ.e. þær hafi engan tilgang og færi ekkert annað en aukið álag. Ekki verður séð að notkun kerfisins bjóði upp á neina skólaþróun eða gæðamat.</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.4. 2018 og taki gildi 1.8.2018.</p>	<p>Sviðsstjóri</p>
<p>5.2 Sameiginlegur skilningur og útfærsla á B-hluta vinnumats</p> <p>Ná þarf sameiginlegum skilningi og samstöðu um vinnuframlag kennara í grunnstarfsskyldum þeirra.</p>	<p>Að samstaða og sátt sé um hvaða vinnuframlag sé bætt ofan kennslu áður en farið er að greiða kennurum yfirvinnu fyrir vinnuframlag sitt.</p>	<p>Kennarar kvarta yfir að núverandi útfærsla á B- hluta vinnumats (annað vinnuframlag en kennsla og undirbúningur hennar) sé bæði þversagnarkennd og geti ýtt undir að kennsla og kennsluundirbúningur líði fyrir of mörg verkefni í B-hlutanum sem dragi úr gæðum skólastarfs til lengri tíma litið.</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.3. 2018 og taki gildi 1.8.2018.</p>	<p>Sviðsstjóri</p>
<p>5.3 Allir skólar fái árlega sérstakt fjármagn til skólaþróunar</p> <p>Framþróun skólastarfs byggir á skólaþróun, sem sé mikilvæg sökum stöðugt breyttra aðstæðna (ekki síst aukinnar tæknihróðunar), og skólar þurfi að fá möguleika til að taka þátt í þróuninni og slíkt gerist ekki nema fjármagn verði veitt til nýsköpunar í skólastarfi.</p>	<p>Að hver skóli fái möguleika til frekari nýsköpunar í skólastarfi sem aftur er hvetjandi fyrir starfsumhverfið í skólunum (gefur t.d. áhugasömum kennurum möguleika á frekari starfsþróun og að þurfa ekki að leita sér að aukavinnu utan skólanna).</p>	<p>Fjármagn til skólaþróunar er í dag sett í hendur takmarkaðra (fjársveltra) sjóða ríkisins (Sprotasjóður, Þróunarsjóður námsgagna) og nauðsynlegt er að sveitarfélög axli meiri ábyrgð á skólaþróun en þau gera núna (t.d. með því að úthluta engu fjármagni í C-hluta kjarasamnings þrátt fyrir möguleika þar um og hamlu þannig möguleikum sínum á frekara hvetjandi starfsumhverfi í skólunum).</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.12. 2017 og taki gildi í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018, þ.e. frá 1.1.2018.</p>	<p>Sviðsstjóri</p>

ÞEMA 6: TEYMISVINNA

Umbótaverkefni	Markmið	Núverandi staða, þ.e. af hverju er þörf á umbótum?	Upphaf verks	Verklök	Ábyrgð á framkvæmd
<p>6.1 Teymisvinna í skólum og hlutverk kennara í teymum verði endurskilgreint</p> <p>Með auknum verkefnum skóla eru meðal annars margvísleg formleg teymi (t.d. áfallateymi, matsteymi, eineltisvarnarteymi o.fl.) þar sem vinna í þeim byggist á vinnuframlagi kennara, oft án þess að þeir fái greitt fyrir hana (B-hluti vinnumats).</p> <p>Settur verði í gang vinnuhópur kennara og stjórnenda til að ná sameiginlegum skilningi á verkefninu innan ramma kjarasamnings.</p>	<p>Að ná sátt við kennara um vinnuframlag sitt í formlegum teymum sem skólar eru krafðir um.</p>	<p>Kennurum finnst kröfur um vinnuframlag hafa aukist vegna þátttöku í formlegum teymum – sem dragi úr kennsluundirbúningi þeirra (og þar með gæðum kennslu) þegar ekki er greitt sérstaklega fyrir vinnuframlag þeirra í teymum (því 100% starf felur ekki í sér yfirvinnu).</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.4. 2018 og taki gildi 1.8.2018.</p>	<p>Þróunarfulltrúi grunnskóla</p>

ÞEMA 7: STARFSÞRÓUN

Umbótaverkefni	Markmið	Núverandi staða, þ.e. af hverju er þörf á umbótum?	Upphaf verks	Verklok	Ábyrgð á framkvæmd
<p>7.1 Starfsþróun kennara verði endurskilgreind</p> <p>Kennarar fá hvorki næga ábyrgð né stuðning til að sinna starfsþróun. Mikilvægt sé að skólaumhverfið veiti frekari hvatningu til starfsþróunar í þágu skólastarfsins, þ.e. skólaþróunar.</p>	<p>Að möguleikar kennara til starfsþróunar eflist, þ.e. þeim bjóðist næg endurmenntun og tækifæri til þátttöku í skólaþróunarverkefnum.</p>	<p>Skortur er á sérhæfðri endurmenntun fyrir kennara og sömuleiðis takmarkað fjármagn til að sækja áhugaverð námskeið.</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.3. 2018 og taki gildi í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018, þ.e. frá 1.8.2018.</p>	<p>Sviðsstjóri</p>
<p>7.2 Hafnarfjarðarbær geri kennarastarfið meira aðlaðandi með því að laun endurspegli ábyrgð, umfang og menntun kennara</p> <p>Frekara fjármagn sé sett inn í skólastarfið. Gott geti verið að setja ramma utan um slíkt fjármagn, þ.e. skilgreina í afmörkuð verkefni.</p>	<p>Að auka gæði og möguleika kennara til starfsþróunar.</p>	<p>Kennarar telja litla möguleika til starfsþróunar innan skóla ef ekki er veitt auknu fjármagni (því fjármagn kaupir vinnuframlag) sem sé hvatning til kennara.</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.12. 2017 og taki gildi í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018, þ.e. frá 1.1.2018.</p>	<p>Sviðsstjóri</p>
<p>7.3 Kennarar og skólastjórnendur fái aukinn stuðning við álagi</p> <p>Boðið verði upp á handleiðslu í skólum, bæði í hópum og einstaklingslega, með því að ráða (launþega/verktaka) ákveðinn handleiðara sem sérhæfir sig í að þjónusta kennara.</p>	<p>Að veita kennurum handleiðslu sem miðar að aukinni starfsánægju (og draga úr álagi, streitu og vanlíðan) svo vinnuumhverfið verði sem ánægjulegast.</p>	<p>Kennarar ræða um aukið álag og í samfélagslegu samhengi þarf aukinn fjöldi kennara að sækja sér stuðning vegna kulnunar/ starfsþrota.</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.12. 2017 og taki gildi í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018, þ.e. frá 1.1.2018.</p>	<p>Sviðsstjóri</p>

ÞEMA 8: UTANAÐKOMANDI VERKEFNI

Umbótaverkefni	Markmið	Núverandi staða, þ.e. af hverju er þörf á umbótum?	Upphaf verks	Verklok	Ábyrgð á framkvæmd
<p>8.1 Hafnarfjarðarbær geri kröfu um að utanaðkomandi skylduverkefni til skólann séu vel undirbúin</p> <p>Settar verði skýrar reglur um hvernig tekið verði við utanaðkomandi verkefnum inn í skólana.</p>	<p>Að draga úr álagi (sem óskipulag gerir og verkefni sem sett eru inn í skólana með litlum fyrirvara) sem utanakomandi verkefni geta verið en þau nýtist sem best fyrir nám nemenda.</p>	<p>Kennarar tala um að of mikið af verkefnum komi (frá bænum og öðrum aðilum) sem þeir hafi engin áhrif á eða sett gegn þeirra vilja, þ.e. faglega samræðu skorti.</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.4. 2018 og taki gildi 1.8.2018.</p>	<p>Próunarfulltrúi grunnskóla</p>
<p>8.2 Skrifstofa fræðslu- og frístundabjónustunnar undirbúi verkefni í tíma</p> <p>Krafan er að verkefnaskrá sé tilbúin fyrir hvert skólaár áður en skólastarf hefst svo kennarar geti tekið það inn í skipulag kennslunnar frá upphafi skólaárs.</p>	<p>Að bæta gæðin í skólastarfinu með góðu skipulagi.</p>	<p>Kennurum finnst verkefni of seint kynnt þrátt fyrir að þau liggja ljós strax frá upphafi skólaárs.</p>	<p>1.6. 2017</p>	<p>15.8. 2017</p>	<p>Próunarfulltrúi grunnskóla</p> <p>LOKIÐ</p>
<p>8.3 Takmörkun á aðgengi utanaðkomandi að skólastarfinu</p> <p>Kennsla skv. aðalnámskrá grunnskóla er meginverkefni skólastarfs sem þurfi að fá forgang svo ýmis (misæskileg) verkefni taki ekki tíma frá kennslunni.</p> <p>Settur verði í gang starfshópur til að marka hér stefnu með skýrum reglum.</p>	<p>Að tryggja að kennsla nemenda skv. aðalnámskrá fái forgang og takmarkað verði hvaða utanaðkomandi verkefni komist inn í skólastarfið með stuttum fyrirvara.</p>	<p>Kennurum finnst alltof mikið um það að ýmis verkefni séu sett inn í skólana í kennslustundir svo þeir fái ekki að sinna kennslu sinni nægilega vel.</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.3. 2018</p>	<p>Próunarfulltrúi grunnskóla</p>

ÞEMA 9: ANNAD

Umbótaverkefni	Markmið	Núverandi staða, þ.e. af hverju er þörf á umbótum?	Upphaf verks	Verklok	Ábyrgð á framkvæmd (aðili/-ar innan skólans)
<p>9.1 Sameiginlegur samráðsvettvangur sé á milli kennara og skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.</p> <p>Fastir samráðsfundir settir á milli skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar og fulltrúum kennara eftir ákveðnu skipulagi eða áherslum sem verði mótaðar.</p>	<p>Að tryggja samtal milli kennara og fræðsluyfirvalda um þarfir og sjónarmið sem efla skólastarfið.</p>	<p>Kennarar telja sig skorta samræðuvettvang við fræðsluyfirvöld.</p>	<p>1.11. 2017</p>	<p>1.1. 2018 taki slíkir fundir gildi í samræmi við áherslur</p>	<p>Sviðsstjóri/ Þróunarfulltrúi grunnskóla</p>

Hafnarfirði október 2017

Fanney Dórothe Halldórsdóttir
sviðsstjóri